

## SAMÞYKKT

### fyrir Veiðifélag Vatnsdalsár í Húnavatnssýslu.

#### 1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Vatnsdalsár.

#### 2. gr.

Heimili þess og varnarþing er heimili formanns.

#### 3. gr.

Félagsmenn eru skráðir eigendur/ábúendur eftirtalinnna jarða og landareigna, sem land eiga að Vatnsdalsá, Álftaskálará, Tunguá með Hólkotskvísl, Kornsa og Giljá frá ósi í sjó til ólaxgengra fossa.

Þær eru: Hjaltabakki, Húnsstaðir, Skinnastaðir, Akur, Stóra-Giljá, Litla-Giljá, Beinakelda I, Beinakelda II, Hnausar I, Hnausar II, Bjarnastaðir, Másstaðir, Hjallaland, Hvammur I, Hvammur II, Eyjólfstaðir, Bakki, Hof, Kötlustaðir, Gilá, Marðarnúpur, Guðrúnarstaðir, Kárdalstunga, Þórormstunga, Sunnuhlíð, Forsæludalur, Kvisthagi, Hjarðartunga, Grímstunga, Haukagil, Saurbær, Ásbrekka, Ás I, Ás II, Brúsastaðir, Snæringsstaðir, Undirfell, Nautabú, Kornsa, Kornsa II, Gilsstaðir, Flaga, Helgavatn, Hnjúkur, Breiðabólstaður I, Breiðabólstaður II, Miðhús, Vatnsdalshólar, Sveinstaðir, Steinnes, Leysingjastaðir, Leysingjastaðir II, Þingeyrar.

#### 4. gr.

Verkefni félagsins er m.a.:

- A. Að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu og stuðla að sjálfbærri nýtingu fiskstofna. Félagið leigir veiðina til stangveiði eða nýttar veiðina á annan hátt samkvæmt landslögum. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu og ráðstafar henni í samræmi við samþykkt félagsfundar.
- B. Að byggja og halda við veiðihúsum og bæta aðbúnað veiðimanna.
- C. Að gera nýja veiðistaði í ána.
- D. Að gera vegi með ánni og auðvelda veiðimönnum umferð.
- E. Að vernda vistkerfi vatnafiska á félagssvæðinu og koma í veg fyrir að verklegar framkvæmdir eða önnur starfsemi skaði lífríki þess.
- F. Félaginu er heimilt að stunda fiskrækt í samræmi við gilda fiskræktaráætlun á hverjum tíma.

#### 5. gr.

Stjórn félagsins skipa 5 menn, formaður, varaformaður og 3 meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Stjórnarmenn skulu eiga aðild að félaginu eða starfa í umboði þeirra sem getið er í 3. gr

Allir stjórnarmenn eru kosnir á sama aðalfundi. Formaður er kosin sérstaklega en að öðru leyti skiptir stjórn með sér verkum. 3 varamenn eru kosnir á sama fundi einnig til þriggja ára. Þá skal kjósa tvo skoðunarmenn og tvo til vara til þriggja ára.

Varaformaður tekur við starfi formanns forfallist hann tímabundið. Forfallist formaður varanlega eða missi umboð sitt skal næsti aðalfundur kjósa formann beinni kosningu til loka kjörtímabils. Á sama hátt skal kjósa nýjan stjórnarmann.

Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan kosningu, nema sérstök forföll hamli, eða ef hann hefur verið í stjórn í þrjú ár.

#### 6. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Aðalfundur ákveður þóknun fyrir störf stjórnar. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með skriflegu leyfi félagsstjórnar eða aðila sem veitir slík leyfi í umboði hennar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt. Þó má leyfi eigi vera nema til eins árs, nema lögmætur fundur samþykki.

#### 7. gr.

Stjórnarmenn skulu víkja sæti við meðferð þeirra mála félagsins sem snerta hagsmuni þeirra eða venslamanna þeirra sérstaklega umfram aðra félagsmenn. Þeir skulu haga störfum sínum þannig að jafnræðis sé gætt meðal félagsmanna. Stjórn félagsins skal gæta andmælaréttar félagsmanns áður en mál sem snertir hagsmuni tiltekins félagsmanns umfram aðra félagsmenn er tekið til afgreiðslu á stjórnarfundi.

Stjórn félagsins skal ætíð gæta þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun í því er tekin.

Rísi ágreiningur um lögmæti ákvörðunar félagsstjórnar eða fundar í félaginu getur félagsmaður kært ákvörðunina til Fiskistofu. Kærufrestur er þrjú mánuðir frá því að ákvörðunin var tekin.

#### 8. gr.

Fundi í félaginu skal boða skriflega með dagskrá eigi síðar en 10 dögum fyrir fundardag. Skylt er að boða fundi í félaginu með ábyrgðarbréfi ef breyta á samþykktum félagsins eða ráðstafa veiði á félagsfundi. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum. Þó verður breyting á samþykkt að hljóta samþykki 2/3 atkvæðisbærra félagsmanna. Nú verður breyting á samþykkt ekki afgreidd vegna ófullnægjandi fundarsóknar, og má þá boða til annars fundar. Á þeim fundi ræður afl atkvæða.

Nú er ráðgert að breyta samþykkt eða ráðstafa veiði og skal þess getið í fundarboði.

Félagsfundi skal halda eftir þörfum eða ef ¼ félagsmanna æskir þess og tilgreinir fundarefnið.

Á félagsfundi skal leggja fram skrá yfir atkvæðisbæra félagsmenn. Umboð sem lögð eru fram á fundi skulu skráð í fundargerðabók. Greiða má atkvæði skriflega, enda sé þess getið í fundarbók.

#### 9. gr.

Nú fer atkvæðagreiðsla um framkvæmdir, sem hafa fjárútlát í för með sér er nema a.m.k. 25% af tekjum félags af veiði á því starfsári, fram á fundi skv. fyrirmælum 7. mgr. 40. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði og gildir þá ein eining í arðskrá hjá félagsmanni sem hefur atkvæðisrétt, sem eitt atkvæði, sbr. 1. mgr. 40. gr. sömu laga.

#### 10. gr.

Aðalfund skal halda fyrir apríllok ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess ásamt fjárhagsáætlun félagsins fyrir yfirstandandi ár. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og ályktar fundurinn um þá.

#### 11. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá og fundargerðir.

#### 12. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiða gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

13. gr.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt 39. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt falla úr gildi eldri samþykktir veiðifélagsins.

*Fiskistofu, 5. mars 2013.*

**Árni Ísaksson,**  
sviðsstjóri lax- og silungsveiðisviðs.

---

B-deild – Útgáfud.: 19. mars 2013